



since 1894 by

STOOPEN & meeûs

Tækniupplýsingar

ConQrete sjónsteypuspartl

VÖRULÝSING

ConQrete sjónsteypuspartlið er gæða yfirborðsefni til notkunar á veggi og loft innanhúss og gefur steinsteypuáferð sem hægt er að stýra á ýmsa vegu (fínleg eða gróf). ConQrete er forblandað af framleiðanda og er auðvelt í notkun. Ein umferð dugar að jafnaði en tvær gefa aukna dýpt og yfirborðsfegurð.

Þar sem efnið inniheldur náttúrulegt kalk, er áferðin almött. ConQrete veitir einnig heilbrigt íveru- og vinnuumhverfi vegna gleypni- og öndunareiginleika kalkefnanna. Efnið er ekki ætlað fyrir votrymi svo sem baðherbergi, nálægt eldhúsvöskum eða þar sem álag er mikið, t.d. gólf, stiga eða eldhúsbord. Ætlað eingöngu til notkunar innanhúss.

Við mælum ávallt með að byrja með prófun: Litakerfið og litasýnishorn má sjá hjá Sérefnum, einnig hvernig mismunandi yfirefni (vörn) geta breytt ásýnd efnisins, sjá vefsíðu Sérefna og www.stoopen-meeus.com.

Á YouTube (<http://www.youtube.com/user/stoopenmeeus>) er að finna mikinn fjölda fullfrágenginna verkefna og myndbanda sem sýna vinnulag við ConQrete. Tilvalið til að veita innblástur til framtíðarverkefna.

YFIRBORÐ

Yfirborð skal vera þurrt, hreint og laust við ryk, fitu, lausar agnir og þess háttar. Þrifið óhreinindi með Málartvätt og vatni.

Ómáluð yfirborð: Láta skal ferska pússningu, spartl, eða steinsteypu þorna fullkomlega áður en málun hefst. Gips skal grunna með gipsgrunni, sem skal vera vel þurr. Sé gleypni yfirborðs mismikil, skal fyrst bera á Nordsjö Microdispers og síðan Uniwall Primer NF-21 áður en ConQrete er borið á.

Máluð yfirborð: Pússið með sandpappír (grófleika 120-150) áður en Uniwall Primer NF-21 er borinn á.

UNDIRBÚNINGUR

ConQrete er forblandað efni, fáanlegt í 4 kg og 16 kg umbúðum og fjórum mismunandi litum.

VINNULEIÐBEININGAR

Grunnur: Grunnið yfirborð með Nordsjö Microdispers (sé yfirborð misgleypt) og síðan Uniwall Primer NF-21 áður en ConQrete er borið á. Lesið viðkomandi tækniblöð sé frekari upplýsinga óskað um undirefni.

Berið ConQrete á með stálspaða.

- Berið á 3-4 m² í senn
- Þegar ConQrete hefur verið borið á skal nota viðeigandi áhald til að ná fram óskaðri yfirborðsáferð (mynsturrúllu, svamp)
- Látið bíða í 5-10 mínútur
- Sléttið yfirborð mjúklega með stálspaðanum
- Ein umferð nægir að jafnaði. Önnur umferð gefur aukna dýpt og möguleika á yfirborðsáferð. Seinni umferðin getur haft smáræðis áhrif á endanlegan lit og bætt við meiri hreyfingu í áferð. Einnig má auka hreyfingu með því að úða vatni á flötinn og draga spaðann yfir flötinn. Látið þorna í a.m.k. 4 klst milli umferða

Yfirborðsvernd: Yfirborð ConQrete má blettaverja (eftir 12 klst þornun) með Uniwall 1KPUMatt eða Uniwall Wax (fæst í glæru, gull- og silfurtónum)

Stoop & Meeûs mælir eindregið með að tilraunir, með tilliti til eiginleika yfirborðs, fari fram á litlum flötum áður en aðalvinnan hefst.



since 1894 by

STOOPEN & meeûs

TÆKNIUPPLÝSINGAR			
Eðlisástand	Vökvapykkni	Hörðunartími	Full yfirborðsharka næst á 30 dögum
Eðlisþyngd	1,65 +/- 5%	Vinnuhitastig	Yfirborðs- og umhverfishiti sé á bilinu 10-30°C
pH	11-12	Áhöld	Stálsaði
Viðloðun	Afar góð við Uniwall Primer NF-21	Hreinsun áhalda	Sápuvatn
Umferðafjöldi	Ein umferð nægir til að mynda góða steinsteypuáferð. Önnur umferð gefur yfirborði aukna dýpt	Hreinsun yfirborðs	7 dögum eftir síðustu umferð. Notið ekki hreinsiefni, aðeins sápuvatn
Efnisnotkun	+/- 0,8 kg/m ² . Efnisnotkun fer eftir vinnulagi og þykkt umferða	Geymsluþol í lokuðum umbúðum	12 mán. í óopnuðum umbúðum (5-25°C), hlífið gegn beinu sólarljósi og frosti.
Þornunartími	Snertipurrt á 12 klst		

ATHUGIÐ

Stooppen & Meeûs ábyrgist gæði framleiðsluvara sinna en viðurkennir ekki ábyrgð tengda vinnu og árangri við notkun þeirra. Notandi er ávallt ábyrgur fyrir notkun varanna. Upplýsingar á þessu tæknilaði miðast við almenna vörulýsingu og notkun. Kynnið ykkur ávallt nýjustu viðeigandi tækniupplýsingar á vefsíðu okkar www.serefni.is (eða www.stooppen-meeus.com).